

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 280/2014

2015/EES/71/27

frá 12. desember 2014

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/148/ESB frá 17. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2011/130/ESB um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 69.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 1c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 D 0148:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/148/ESB frá 17. mars 2014 (Stjtið. ESB L 80, 19.3.2014, bls. 7), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 69.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/148/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 69, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 80, 19.3.2014, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.